

Kynningarfundir fyrir sjóðfélaga 28. og 29. maí 2013

Nú í lok maí heldur LSR kynningarfundir fyrir sjóðfélaga sem vilja fræðast um lífeyrismál; um uppbyggingu réttindakerfisins, iðgjaldaskil, lífeyristökualdur og áætlaðar lífeyrisgreiðslur.

Hægt er að velja um tvær dagsetningar; þann 28. maí eða 29. maí. Fundir eru haldnir bæði að morgni til eða síðdegis: 8:30 – 10:00 eða 16:30 – 18:00.

Fundirnir eru haldnir í húsnæði LSR að Engjateigi 11.

Nauðsynlegt er að skrá sig fyrir 24. maí með því að hringja í síma 510-6100 eða senda tölvupóst á netfangið lsl@lsl.is og tilgreina nafn, kennitölu og val á tímasetningu. Hægt er að senda spurningar, sem óskað er eftir að svarað verði á fundinum, á netfangið lsl@lsl.is.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

Yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur – viltu afþakka pappír?

Allar upplýsingar sem birtast á meðfylgjandi yfirliti er hægt að nálgast á sjóðfélagavef LSR. Sjóðfélögum gefst kostur á að afþakka yfirlit á pappír og sækja upplýsingar um iðgjaldagreiðslur og réttindi með rafrænum hætti á sjóðfélagavefnum. Einfaldast er að afþakka yfirlit á pappír inni á sjóðfélagavefnum en einnig er hægt að senda beiðni í netpósti á netfangið lsl@lsl.is eða hringja í þjónusturáðgjafa í síma 510-6100.



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsl@lsl.is

www.lsl.is